

## Fundargerð

### Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 442. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,  
8. janúar 2013 og hófst hann kl. 13:15.

#### Fundinn sátu:

Málfríður Kristjánisdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Sigurður Steinar Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Berglind Guðmundsdóttir, .

Fundargerð lesin yfir og samþykkt af Bjarka Jóhannessyni sviðsstjóra/skipulags- og byggingarfulltrúa.

#### Dagskrá:

### **A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI**

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.

#### **1 1109380 - Hjallabraut 35-43, gerð lóðarleigusamnings**

Athygli embættisins var vakin á því að aldrei var gefinn út lóðarleigusamningur fyrir lóðina Hjallabraut 35-43 á sínum tíma. Lagt fram nýtt mæliblað, þar sem lóðarstærðir leiðréttast.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir nýtt mæliblað dags. 5. september 2012.*

#### **2 1212263 - Heiðvangur 18, breyting á byggingarleyfi**

Snæbjörn Ingvarsson sækir 27.12.12 um að breyta gluggum á suður og austurhlíð einbýlishúss. Breyta klæðningu utanhúss á bílgeymslu og eldri hluta hússins samkvæmt teikningum Jón Guðmundssonar dags. 12.06.05 breytt. 30.11.12.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samkykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010.*

#### **3 1301077 - Öldugata 26, reyndarteikningar v/lokaúttektar**

Magnús Heimisson leggur 04.01.13 inn reyndarteikningar samkvæmt teikningum Guðmundar Jónssonar dags. 12.12.2012.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samkykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010.*

## **B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI**

Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. Samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagsgerindum, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.

### **4 1104030 - Kaplakriki, mhl 06 og 07, byggingarstig og notkun**

Sjálfsafgreiðslustöð Atlansolíu, Kaplakriki, mhl 06, 07 eru skráðar á bst 1, þrátt fyrir að vera löngu byggðir og hafa verið teknir í notkun. Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði 06.04.11 byggingarstjóra skylt að sækja um fohheldisúttekt innan þriggja vikna og síðan lokaúttekt. Ekki hefur verið brugðist við erindinu.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi ítrekar tilmæli sín. Verði ekki brugðist við erindinu innan fjögurra vikna frá dagssetningu fundarins mun skipulags- og byggingarfulltrúi leggja dagsektir á byggingarstjórnann og senda erindi um áminningu á Mannvirkjastofnun í smræmi við 56. og 57. grein laga um mannvirki nr. 160/2010*

### **5 1212232 - Lónsbraut 2.breyta innra skipulagi iðnaðarhúss 0105.fyrirspurn**

Þorvaldur Friðþjófsson leggur fh Gaflara ehf þann 14.12.2012 inn fyrirspurn um að breyta innra skipulagi iðnaðarhúss 0105. Útbúa milligólf þannig að bilið verði í raun 2 hæðir. Lækka inn keyrsluhurð baka til og setja glugga á efri hæð í stað hurðar. Meðfylgjandi eru teikningar.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur neikvætt í fyrirspurnina. Sjá meðfylgjandi athugasemdir.*

## **C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ**

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.

### **6 1207249 - Unnarstígur 3, fyrirspurn**

Ketill Árni Ketilsson leggur fram 23.07.12 fyrirspurn um að stækka hús um 2,4m í suðaustur, 4,1 í norðvestur og hluta hús 3,5 í suðvestur. Einnig færsla á bílskúr frá suðaustur hlið húss að norðaustur hlið. Skissur fylgja með. Nýjar teikningar bárust 07.01.2013 þar sem sótt er um heimild til grenndarkynningar vegna fyrirhugaðrar stækkunar og breytingum.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu. Sjá meðfylgjandi athugasemdir.*

### **7 1212260 - Suðurgata 68, reyndarteikningar**

Arion banki hf.sækir 21.12.12 um leyfi fyrir áður gerðum breytingar á 1.hæð samkvæmt teikningum Ágústs Þórðarsonar dagsettar 20.12.2012.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem innsend gögn eru ófullnægjandi. Sjá meðfylgjandi athugasemdir.*

### **8 1212261 - Skútahraun 13, breyting á byggingarleyfi**

Nýibær,LX fasteignir og Guðmundur Kort Guðmundsson sækja 21.12.12 um að stækka núverandi húsnæði um 5 metra til suðurs sjá teikningar eftir Sigurð Hallgrímsson dag. 11.02.10. breytt 10.12.12.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem innsend gögn eru ófullnægjandi. Sjá meðfylgjandi athugasemdir.*

### **9 1212262 - Grandartröð 3, reyndarteikning**

Íslandsbanki hf. og Silkiprent ehf sækja 27.12.2012 um breytingu á innra skipulagi samkvæmt teikningum Kristins Ragnarssonar dagsettar 10.12.2012

*Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem innsend gögn eru ófullnægjandi. Sjá meðfylgjandi athugasemdir.*

### **10 1203361 - Álfaskeið 1, Reyndarteikning**

Jón Einar Eyjólfsson og Herbjörg Alda Sigurðardóttir leggja 28.03.12 inn reyndarteikningar. Samkvæmt teikningum Samúels Smára Hreggviðssonar dag.10.03.12. Nýjar teikningar bárust 30.05.2012.

Nýjar teikningar Einars Tryggvasonar bárust 07.01.2012.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem ekki hefur verið brugðist við athugasemdum.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.**

**Málfríður Kristjánsdóttir (sign)  
Sigurður Steinar Jónsson (sign)**

**Berglind Guðmundsdóttir (sign)**